

REGLUGERÐ

um mat á hagsmunum barns sem sækir um alþjóðlega vernd.

1. gr.

Við mat á umsókn barns um alþjóðlega vernd skal það sem er barninu fyrir bestu haft að leiðarljósi.

Í ákvörðun skal koma fram með hvaða hætti hagsmunir barns voru metnir og teknir til greina við úrlausn málsins. Við matið skal horfa til barnsins sem einstaklings óháð stöðu foreldra eða annarra sem það er í fylgd með.

Við mat á því hvað barni er fyrir bestu skal Útlendingastofnun leggja til grundvallar, auk reglugerðar þessarar, ákvæði laga um útlendinga, barnaverndarlaga, laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ákvæði reglugerðar þessarar lúta að mati Útlendingastofnunar, sbr. 5. mgr. 37. gr. laga um útlendinga og eftir atvikum framkvæmd viðtals, sbr. 28. gr. laganna. Þau atriði sem reglugerðin kveður á um skulu vera liður í heildarmati á umsókn barns um alþjóðlega vernd.

Útlendingastofnun skal enn fremur setja sér verklagsreglur vegna mats á hagsmunum barna sem sækja um alþjóðlega vernd.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að réttindi barna séu virt og að mat sé lagt á hagsmuni þeirra við meðferð og úrlausn umsókna um alþjóðlega vernd, auk þess að stuðla að vandaðri og samræmdri málsmeðferð,

3. gr.

Meginreglan um einingu fjölskyldunnar.

Almennt telst eðlilegur þroski barns best tryggður með því að vernda einingu fjölskyldunnar, óháð dvalarstað þeirra. Í hverju máli skal leggja sjálfstætt mat á það hvað er barni fyrir bestu bæði sem einstaklingur og sem hluti af fjölskyldueiningu.

Sé ólöggráða barn í fylgd annars eða beggja foreldra sinna eða annars úr fjölskyldu sinni sem hefur það á framfæri sínu og fer fram á réttarstöðu flóttamanns, ber að fara með málið í samræmi við meginregluna um einingu fjölskyldunnar. Skal það almennt viðurkennt að hagsmunum barns sé best borgið með því að tryggja fjölskylduna sem heild og rétt hennar til að vera saman. Við það mat ber m.a. að líta til þess hvort flutningur úr landi til heimaríkis eða viðtökuríkis hafi í för með sér hættu á að fjölskyldan skiljist að.

Sé barn fylgdarlaust skal almennt litið svo á að hagsmunum þess sé best borgið með fjölskyldu sinni, óháð dvalarstað þeirra. Hagsmuni fylgdarlaus barns ber m.a. að meta með hliðsjón af möguleikum barns til fjölskyldusameiningar.

4. gr.

Viðtal við barn vegna umsóknar.

Barn sem hefur aldur og þroska til hefur rétt á að koma til viðtals vegna umsóknar sinnar, sbr. 28. gr. laga um útlendinga. Tilgangur viðtals er að gefa barninu færi á að tjá sig um aðstæður sínar og koma skoðunum sínum á framfæri. Réttur barns til að koma til viðtals er sjálfstæður og synjun foreldris eða forsjáraðila þar um útilokar ekki að barn fái tækifæri til að tjá sig, ef það samrýmist aldri, þroska og hagsmunum barnsins.

Viðtali skal hagað þannig að sem mestar líkur séu á að aðstæður sem geta haft þýðingu fyrir umsókn umsækjanda upplýsist.

Ávallt skal taka viðtal við fylgdarlaust barn sem hefur aldur og þroska til.

Barn, foreldri þess, forsjáraðili eða talsmaður þess getur óskað eftir því að barn komi til viðtals vegna umsóknarinnar. Útlendingastofnun leggur mat á í hverju máli fyrir sig hvort þörf sé á að taka viðtal við barn.

Barn á rétt á að hafna viðtali og skal sú ákvörðun ekki metin því í óhag við meðferð eða úrlausn máls þess.

5. gr.

Framkvæmd og tilhögun viðtals við barn.

Viðtal við barn skal taka mið af aldri þess og þroska og fara fram í barnvænu umhverfi og eftir atvikum í Barnahúsi.

Við framkvæmd og aðbúnað í viðtali skal Útlendingastofnun gæta að því hvort taka þurfi sérstakt tillit til persónulegra aðstæðna barns svo sem með tilliti til aldurs þess.

Starfsmaður Útlendingastofnunar, sem lokið hefur þjálfun í viðtalstækni við börn, skal undirbúa og taka viðtal, sbr. 5. mgr. 28. gr. laga um útlendinga. Útlendingastofnun skal setja sér verklagsreglur um það hvenær viðtal skuli fara fram í Barnahúsi. Heimilt er að kveðja sérfræðing í málefnum barna sér til aðstoðar við framkvæmd og undirbúning viðtals telji stofnunin þess þörf út frá hagsmunum barns.

Talsmaður sem gætir hagsmuna barns skal vera viðstaddur viðtal. Barn á rétt á upplýsingum á tungumáli og formi sem það skilur og skal það jafnframt njóta aðstoðar tülks sem talar það tungumál sem barn talar og skilur.

Sé barn fylgdarlaust eða án forsjáraðila hér á landi skal fulltrúi barnaverndarþjónustu einnig vera viðstaddur viðtal.

6. gr.

Mat á hagsmunum barns.

Öryggi barns, velferð þess og félagslegur þroski skal hafður að leiðarljósi á öllum stigum málsmeðferðar Útlendingastofnunar. Taka skal tillit til skoðana barnsins, í samræmi við aldur þess og þroska. Sérstaklega skal horfa til þess hvaða aðstæður bíði barns í heimaríki eða viðtökuríki og hvort og þá hvaða réttinda barnið nýtur í viðkomandi ríki. Þá skal horfa til þess hvort að hætta sé á að fjölskyldan verði aðskilin í heimaríki eða viðtökuríki. Við matið skal jafnframt taka mið af einstaklingsbundnum aðstæðum, bakgrunni og sérþörfum barns eftir því sem við á.

Áður en ákvörðun í máli barns, sem sótt hefur um alþjóðlega vernd hér á landi, er tekin skal fara fram heildarmat á öllum fram komnum atriðum og að teknu tilliti til einstaklingsbundinna aðstæðna hverju sinni. Matið miðar þannig að því að fullnægjandi tillit sé tekið til hagsmuna barns þegar ákvörðun er tekin um hvort barn eigi rétt á alþjóðlegri vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða vegna einstaklingsbundinna aðstæðna barnsins.

7. gr.

Atriði sem sérstaklega varða hagsmuni fylgdarlausra barna.

Ef um fylgdarlaust barn er að ræða skal, til viðbótar við framangreint, horfa sérstaklega til eftirfarandi atriða:

- a. Hvort barnið hafi möguleika á að sameinast fjölskyldu sinni eða öðrum ættingjum í heimaríki eða viðtökuríki eða hvort barninu standi til boða þjónusta barnaverndaryfirvalda í heimaríki eða viðtökuríki.

b. Umsagnar Barna- og fjölskyldustofu ef ákvörðun felur í sér synjun um áframhaldandi dvöl hér á landi, sbr. 5. mgr. 37. gr. laga um útlendinga, þar sem lagt hefur verið mat á fyrirliggjandi gögn frá viðeigandi barnaverndarþjónustu ásamt öðrum gögnum sem hafa þýðingu fyrir málið.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. mgr. 28. gr. og 7. mgr. 37. gr., sbr. 120. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 19. júní 2026.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Páll Winkel.

B deild - Útgáfudagur: 26. júní 2026